

ÁRSSKÝRSLA 2023

Hæstiréttur Íslands | Landsréttur | Héraðsdómstólarnir | Endurupptökudómur | Dómstólasýslan



DÓMSTÓLASÝSLAN

Ársskýrsla 2023
Hæstaréttar Íslands
Landsréttar
Héraðsdómstóla
Endurupptökudóms
Dómstólasýslunnar

*Ársskýrslan er unnin og gefin út til samræmis við 4. tölul. 8. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016

Hönnun og umbrot:

Kría hönnunarstofa

Mynd á forsíðu:

Fossinn, eftir Jóhannes Kjarval

Útgefandi:

Dómstólasýslan
Suðurlandsbraut 14, 3. hæð
108 Reykjavík.
S: 432 5010

EFNISYFIRLIT

Inngangur	4
Dómstólar	6
Hæstiréttur Íslands	6
Landsréttur	7
Héraðsdómstólar	8
Endurupptökudómur	9
Starfsfólk dómstóla	11
Dómstólasýslan Sameiginleg stjórnýsla dómstóla	13
Ný og sameiginleg stefna dómstóla	16
Stafrænt dómskerfi	18
Upplýsingagjöf og fræðsla	20
Mannauður og færni	27
Húsnæði og öryggismál	31
Önnur verkefni og sjálfstæðar nefndir með aðsetur hjá dómstólasýslunni	32
Dómstólar í tölum	36
Hæstiréttur	38
Héraðsdómstólarnir	46
Endurupptökudómur	50
Fjárheimildir á málefnasviði dómstóla 2023	51

INNGANGUR

Í sameiginlegri stefnu dómstóla og dómstólasýslu sem samþykkt var á fyrri hluta ársins 2023 eru skilgreind helstu áherslumál sem unnið skal að fram til 2028. Þeirra á meðal eru öryggis- og húsnæðismál dómstóla sem hafa verið til skoðunar í langan tíma. Haustið 2023 hófst vinna að úttekt fulltrúa Ríkislögreglustjóra á húsnæði allra dómstóla á grundvelli stefnu dómstólasýslunnar um öryggi í húsnæði dómstóla og samræmd viðmið um öryggismál. Stefnt er að því að starfsfólk og allir sem eiga erindi til dómstóla geti treyst því að njóta þar öryggis. Þær úttektir sem hafa farið fram sýna því miður að víða er pottur brotinn og að brýnt er að ráðast í úrbætur á húsnæði margra dómstóla. Ástand húsnæðis dómstóla og aðbúnaður fyrir starfsfólk, málflytjendur og aðra, svo sem aðila, vitni og túlka, er líka áhyggjuefni. Almennt er viðurkennt í löndum sem við berum okkur saman við að ásýnd dómhúsa þarf að vera til þess fallin að skapa traust og virðingu og aðkoma að þeim þarf að vera greið og örugg fyrir alla. Innanhússhönnun og skipulag þarf að vera með þeim hætti að unnt sé að aðskilja ólík rými innan hússins. Þá þarf að tryggja að flæði á milli þessara rýma sé þannig háttáð að húsnæði dómstóla þjóni öryggi og ólíkum þörfum þeirra sem þar starfa og allra sem í dómhús koma. Það heyrir til undantekninga að

húsnæði dómstóla hér á landi uppfylli þessar kröfur. Í því sambandi má nefna að hús Hæstaréttar er eina húsnæðið sem er sérstaklega byggt sem dómhús. Nýjar kröfur um tækniútbúnað hjá dómstólum og breyttar þarfir, m.a. vegna vaxandi fjölda alvarlegra og umfangsmikilla sakamála, kröfur um að unnt sé að tryggja aðskilnað brotaþola og ákærða og mikil fjölgun mála þar sem þörf er á túlkum kalla á breyttar áherslur og framtíðarsýn í húsnæðismálum dómstóla. Dómstólasýslan hefur vakið athygli stjórnvalda á stöðu húsnæðismála og lagt áherslu á mikilvægi þess að brugðist sé við. Ráðast þarf án tafar í brýnustu úrbætur á öryggi. Jafnframt þarf að vanda til við greiningu á þörfum dómstóla til framtíðar og mögulegum valkostum. Í þeirri vinnu þarf að tryggja náð samráð við dómstólasýsluna, dómstóla og alla hagaðila, þar á meðal Lögmannafélag Íslands, ákærendur og Öryrkjabandalagið.

Vel gekk á árinu að vinna að annarri megináherslu í stefnunni, sem er stafrænt dómskerfi. Stefnt er að því að málsmeðferð fyrir dómstólum verði stafræn að svo miklu leyti sem það samræmist réttaröryggi borgaranna. Sá árangur náðist á árinu að öll meðferð rannsóknarmála, allt frá lögreglu til Landsréttar, fer nú í gegnum svonefnda réttarvörslugátt dómismálaráðuneytis og er málsmeðferðin



Því alfarið pappírslaus. Næsta skref er þróun og innleiðing réttarvörslugáttar í sakamálum sem dómstólar og dómstólasýslan vinna nú að með ráðuneytinu ásamt öðrum stofnunum réttarvörslukerfisins. Þá tók Hæstiréttur í notkun þjónustugátt á árinu til að taka með rafrænum hætti við beiðnum um áfrýjunarleyfi. Einnig lauk vinnu að þjónustugátt hjá héraðsdómstólum fyrir móttöku og sendingu gagna með rafrænum hætti. Um er að ræða einfalda gátt sem er ætlað að brúa bilið þar til þróun og innleiðingu réttarvörslugáttarinnar er lokið.

Með stafrænum umbótum er stefnt að því að ná fram aukinni skilvirkni í dómskerfinu en þó fyrst og fremst því samfélagslega markmiði að bæta þjónustu dómstóla og gera hana aðgengilegri, hagkvæmari og umhverfisvænni. Umbæturnar krefjast líka nýrrar hugsunar og breytinga í dómskerfinu, þar á meðal hvað varðar kröfur um



tæknifærni starfsfólks og starfsþróun. Þá er óhjákvæmilegt að ráðast í fjárfestingar í hug- og tæknibúnaði.

Það á við um öll framangreind verkefni og raunar fleiri að þau krefjast umtalsverðs fjármagns, bæði til fjárfestinga og reksturs. Fjárveitingar munu því ráða miklu um það hversu hratt þau munu ganga. Sé horft til framtíðar eiga þau hins vegar eftir að leiða til hagræðingar og aukinnar skilvirkni og bæta starfsumhverfi og þjónustu dómstóla samfélaginu öllu til hagsbóta.

Sigurður Tómas Magnússon
formaður stjórnar

Kristín Haraldsdóttir
framkvæmdastjóri

DÓMSTÓLAR

Hæstiréttur Íslands

Hæstiréttur er æðsti dómstóll þjóðarinnar. Hann tók formlega til starfa 16. febrúar 1920 og hefur aðsetur í Reykjavík. Í Hæstarétti eiga sæti sjö dómarar og eru þeir skipaðir ótímabundið í embætti. Hæstiréttur hefur frá árinu 2018 starfað sem fordæmisgefandi dómstóll á þriðja dómstigi. Hæstiréttur ákveður hvaða mál eru tekin til meðferðar og kveður upp dóma sem ætlað er að vera fordæmisgefandi, með sama móti og gildir annars staðar á Norðurlöndum. Við Hæstarétt er kjörinn forseti og varforseti til fimm ára í senn. Forseti Hæstaréttar skipar dómstólnum skrifstofustjóra til fimm ára í senn og ræður til starfa lögfræðinga og aðra starfsmenn.

Benedikt Bogason er forseti Hæstaréttar og Ingveldur Einarsdóttir varforseti. Skrifstofustjóri Hæstaréttar er Ólöf Finnsdóttur. Löglerðir aðstoðarmenn eru þrír og aðrir starfsmenn tveir. Sjá nánar ársskýrslu [Hæstaréttar 2023](#)





Landsréttur

Landsréttur var settur á fót 1. janúar 2018 þegar ný lög um dómstóla tóku gildi. Dómstigin urðu þar með þrjú í stað tveggja áður og er Landsréttur millidómstig á Íslandi. Landsréttur hefur aðsetur í Kópavogi en tekur til landsins alls. Dómurum var fjölgað úr fimmtán í sextán á árinu. Þeir eru skipaðir ótímabundið í embætti. Þrír dómarmenn skipa dóm í hverju máli en þó er unnt í undantekningartilvikum að skipa dóminn fimm dómurum. Sú heimild var nýtt í einu máli á árinu 2023. Til Landsréttar er unnt að skjóta úrlausnum héraðsdómstólanna átta og verða úrlausnir hans endanlegar í flestum málum. Í sérstökum tilvikum eða að fengnu leyfi Hæstaréttar Íslands má skjóta niðurstöðum Landsréttar til Hæstaréttar. Við Landsrétt er kjörinn forseti og varaforseti til fimm ára í senn. Forseti Landsréttar skipar dómstólnum skrifstofustjóra til fimm ára í senn og ræður lögræðinga og aðra starfsmenn.

Forseti Landsréttar er Hervör Þorvaldsdóttir og varaforseti er Davíð Þór Björgvinsson. Skrifstofustjóri Landsréttar er Gunnar Viðar. Hjá Landsrétti starfa að jafnaði átta löglærðir aðstoðarmenn dómara og átta aðrir starfsmenn að skrifstofustjóra meðtöldum.

Héraðsdómstólar

Héraðsdómstólar eru fyrsta dómstigið af þremur. Dómum þeirra má áfrýja til Landsréttar eða, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, til Hæstaréttar.

Héraðsdómstólarnir eru átta talsins og með staðbundna lögsögu. Dómarar í héraði eru 42 að tölu og skipaðir ótímabundið í embætti. Dómstólasýslan ákveður við hvaða héraðsdómstól dómarar skuli eiga fast sæti en heimilt er að ákveða að allt að þrjú héraðsdómarar eigi ekki fast sæti við tiltekinn dómstól. Þrjú fardómarar eru starfandi, tveir með aðsetur við Héraðsdóm Reykjavíkur og einn með aðsetur við Héraðsdóm Reykjaness. Dómstólasýslan skipar dómstjóra við hvern héraðsdómstól en dómstjórar ráða aðra starfsmenn en dómara. Til aðstoðar dómurum má ráða lögfræðinga til fimm ára í senn. Auk þess að gegna dómstörfum er dómstjóri forstöðumaður héraðsdómstóls og ber ábyrgð á starfsemi hans. Hjá héraðsdómstólunum störfuðu á árinu 14 aðstoðarmenn dómara og 36 aðrir starfsmenn.



Héraðsdómur Reykjavíkur (HDR)

Dómstjóri: Ingibjörg Þorsteinsdóttir. Varadómstjóri: Björn L. Bergsson. Skrifstofustjóri: Hilda Valdemarsdóttir.

Héraðsdómur Vesturlands (HDVL)

Dómstjóri: Lárentsínus Kristjánsson.

Héraðsdómur Vestfjarða (HDV)

Dómstjóri: Halldór Björnsson

Héraðsdómur Norðurlands vestra (HDNV)

Dómstjóri: Halldór Halldórsson..

Héraðsdómur Norðurlands eystra (HDNE)

Dómstjóri: Arnbjörg Sigurðardóttir.

Héraðsdómur Austurlands (HDA)

Dómstjóri: Ólafur Ólafsson.

Héraðsdómur Suðurlands (HDS)

Dómstjóri: Sigurður Gísli Gíslason.

Héraðsdómur Reykjaness

Dómstjóri: Jónas Jóhannsson. Varadómstjóri: Sandra Baldvinsdóttir. Skrifstofustjóri: Arndís Sveinbjörnsdóttir, sem tók við stöðunni af Bryndísi Guðmundsdóttur í apríl 2023.

Endurupptökudómur

Endurupptökudómur var stofnaður með lögum nr. 47/2020 og tók til starfa 1. desember 2020. Hann er sérdómstóll sem ákveður hvort heimila eigi endurupptöku dómsmála sem dæmd hafa verið í héraði, Landsrétti eða Hæstarétti, sbr. IX. kafla laga um dómstóla nr. 50/2016. Um endurupptöku dómsmála gilda ákvæði laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum XXVIII. og XXIX. kafli, og laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, einkum XXXIV. og XXXV. kafli. Endurupptökudómur hefur aðsetur hjá dómstólasýslunni þar sem lögfræðingur í hálfu stöðugildi starfar fyrir dóminn.



Í Endurupptökudómi sitja fimm dómendur, einn frá hverju dómstigi og tveir sem ekki eru embættisdómarar auk fimm varamanna þeirra. Skipunartími í dóminn er fimm ár, þó þannig að hvert ár rennur út skipunartími eins aðalmanns og varamanns hans. Sá hæstaréttardómari sem skipaður er í dóminn skal vera forseti hans. Ef dómandi er skipaður til þriggja ára eða skemmri tíma fyrstu starfsár dómstólsins er heimilt að skipa hann í Endurupptökudóm að nýju.

Forseti Endurupptökudóms er Karl Axelsson, dómari við Hæstarétt Íslands. Aðrir dómendur við upphaf árs 2023 voru: Oddný Mjöll Arnardóttir, dómari við Landsrétt, Hólmfríður Grímsdóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, Eyvindur G. Gunnarsson prófessor og Jóhannes Karl Sveinsson lögmaður. Varamenn þeirra eru Ingveldur Einarsdóttir, dómari við Hæstarétt Íslands, Aðalsteinn E. Jónasson, dómari við Landsrétt, Helgi Sigurðsson, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, Eiríkur Elís Þorláksson dósent og Stefán Geir Þórisson lögmaður.

Í byrjun árs rann skipunartími Jóhannesar Karls aðalmanns og Stefán Geirs, varamanns hans, út. Að undangengnu mati dómnefndar, sem starfar á grundvelli III. kafla dómstólalaga nr. 50/2016, skipaði dómsmálaráðherra Stefán Geir Þórisson lögmann í embætti dómanda við Endurupptökudóm frá og með 1. febrúar 2023 og Jónas Þór Guðmundsson lögmann sem varadómanda við sama dómstól frá og með 1. mars 2023.

Oddnýju Mjöll Arnardóttur, dómara við Landsrétt, var að eigin beiðni veitt lausn frá embætti dómanda við Endurupptökudóm frá og með 2. febrúar 2023. Landsréttur tilnefndi Ragnheiði Harðardóttur, dómara við Landsrétt, í hennar stað og var Ragnheiður skipuð af hálfu dómsmálaráðuneytisins frá og með 1. mars 2023.

DÓMSTÓLAR UM LAND ALLT



- Héraðsdómstólar
- Landsréttur
- Hæstiréttur
- Dómstólasýslan

STARFSFÓLK DÓMSTÓLA

Hjá Hæstarétti, Landsrétti og héraðsdómstólum störfuðu við árslok 2023 samtals 135, þar af 57 karlar og 78 konur. Ársverk hjá dómstólunum voru samtals 134. Hjá Hæstarétti voru ársverkin 13. Í Landsrétti voru ársverkin 31 og hjá héraðsdómstólunum voru ársverkin 90.

Dómarar

Dómarar voru samtals 64 við árslok 2023, þar af 36 karlar (56%) og 28 konur (44%). Í Hæstarétti gegndu fjórir karlar og þrjár konur embættum dómara. Í Landsrétti gegndu tíu karlar og sex konur embættum dómara og hjá héraðsdómstólunum voru 22 karlar og 19 konur í embætti dómara.

Aðstoðarmenn

Aðstoðarmenn dómara á öllum dómstigum voru við árslok 2023 samtals 26, 14 konur og 12 karlar, þar af var einn ráðinn tímabundið. Í Hæstarétti voru um áramót tvær konur og einn karl aðstoðarmenn dómara. Í Landsrétti voru sex karlar og þrjár konur aðstoðarmenn dómara en hjá héraðsdómstólunum voru fimm karlar og níu konur í því starfi.

Aðrir starfsmenn

Aðrir starfsmenn dómstólanna voru samtals 45 við árslok 2023, 36 konur og níu karlar. Í Hæstarétti voru þrjár konur, í Landsrétti fimm karlar og tvær konur og hjá héraðsdómstólunum fjórir karlar og 31 kona.

Starfsfólk dómstóla	2023
Hæstiréttur	13
Landsréttur	31
Héraðsdómstólar	90
Heildarfjöldi	134

Stofnun Ársverk



Starfsmenn dómstólanna	Kk	Kvk	Samtals
Dómarar	36	28	64
Aðstoðarmenn dómara	12	14	26
Aðrir starfsmenn	9	36	45
Samtals	57	78	135

Starfsmenn héraðsdómstóla	Dómarar	Kk	Kvk	Aðstoðar- menn	Kk	Kvk	Aðrir starfsmenn	Kk	Kvk	Samtals
Héraðsdómur Reykjavíkur	23	10	13	6,5	2	4,5	21	4	17	50,5
Héraðsdómur Reykjaness	10	5	5	4	1	3	6	0	6	20
Héraðsdómur Vesturlands	1	1	0	1	1	0	1	0	1	3
Héraðsdómur Vestfjarða	1	1	0	0	0	0	1	0	1	2
Héraðsdómur Norðurlands vestra	1	1	0	0	0	0	1	0	1	2
Héraðsdómur Norðurlands eystra	2	1	1	1	0	0	2	0	2	5
Héraðsdómur Austurlands	1	1	0	0	0	0	1	0	1	2
Héraðsdómur Suðurlands	2	2	0	1,5	0	1,5	2	0	2	6
Samtals	41	22	19	14	5	9	35	4	31	90
Ársverk	38,06			13,65			37,93			89,64

Starfsmenn Landsréttar	Dómarar	Kk	Kvk	Aðstoðar- menn	Kk	Kvk	Aðrir starfsmenn	Kk	Kvk	Samtals
Starfsmenn	16	10	6	9	6	3	7	5	2	32
Ársverk	15,28			8,38			7,34			31

Starfsmenn Hæstaréttar	Dómarar	Kk	Kvk	Aðstoðar- menn	Kk	Kvk	Aðrir starfsmenn	Kk	Kvk	Samtals
Starfsmenn	7	4	3	3	1	2	3	0	3	13
Ársverk	7			2,49			3,39			12,88


DÓMSTÓLASÝSLAN

Sameiginleg stjórnýsla dómstóla

Dómstólasýslunni var komið á fót með lögum nr. 50/2016 og hún tók formlega til starfa 1. janúar 2018. Dómstólasýslan er sjálfstæð stjórnýslustofnun sem hefur það meginhlutverk að annast og vera í fyrirsvari fyrir sameiginlega stjórnýslu dómstólanna, styrkja stjórnýslu þeirra og um leið stuðla að samræmi í framkvæmd er varðar innri starfsemi allra dómstíganna þriggja.

Dómstólasýslan lýtur ekki boðvaldi annarra innan dómskerfisins og er óháð löggjafar- og framkvæmdavaldinu.

Skipurit stjórnýslu dómstóla




Stjórn dómstólasýslunnar

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn dómstólasýslunnar og er skipunartíminn fimm ár, sbr. 6. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra stofnunarinnar, sem nú er Kristín Haraldsdóttir.

Stjórn 2023

Sigurður Tómas Magnússon hæstaréttardómari, formaður, skipaður til og með 31. júlí 2025. Varamaður hans er Ingveldur Einarsdóttir hæstaréttardómari, skipuð til og með 31. júlí 2025. Hervör Þorvaldsdóttir forseti Landsréttar, skipuð til og með 31. júlí 2023. Varamaður hennar er Davíð Þór Björgvinsson landsréttardómari, skipaður til og með 31. júlí 2023. Jón Höskuldsson landsréttardómari tók sæti í stjórn 1. ágúst 2023, í stað Hervarar Þorvaldsdóttur, og er skipaður til 31. júlí 2028. Varamaður hans er Arnfríður Einarsdóttir landsréttardómari sem tók sæti í stjórn 1. ágúst 2023, í stað Davíðs Þórs Björgvinssonar, og er skipuð til 31. júlí 2028. Lilja Björk Sigurjónsdóttir gæðastjóri, skipuð til og með 3. ágúst 2026. Varamaður hennar er Erna Björt Árnadóttir, aðstoðarmaður dómara, skipuð til og með 3. ágúst 2026. Halldór Björnsson héraðsdómari, skipaður til og með 31. júlí 2024. Varamaður hans er Arnaldur Hjartarson héraðsdómari, skipaður til og með 31. júlí 2024. Lúðvík Örn Steinarsson lögmaður, skipaður til og með 31. júlí 2026. Varamaður hans er Þyrí Halla Steingrímsdóttir lögmaður, skipuð til og með 31. júlí 2026.



Hlutverk stjórnar og fundir

Hlutverk stjórnar dómstólasýslunnar er skilgreint í 7. gr. laga um dómstóla.

Stjórn dómstólasýslunnar leggur mat á og gerir tillögu til ráðherra um nauðsynlegar fjárveitingar til dómstólasýslunnar, Hæstaréttar og Landsréttar og sameiginlega fjárveitingu til héraðsdómstólanna. Sé vikið frá tillögum dómstólasýslunnar skal ráðherra greina fjárlaganefnd frá ástæðum þess auk þess sem gera skal grein fyrir frávikum í frumvarpi til fjárlaga. Dómstólar skulu skilgreindir sem sérstakt málefna svið í frumvarpi til fjárlaga og í fjárlögum. Í fjárlögum skal kveðið sundurliðað á um fjárveitingar til Hæstaréttar Íslands, Landsréttar, héraðsdómstólanna sameiginlega og dómstólasýslunnar. Stjórn dómstólasýslunnar skiptir á milli héraðsdómstólanna fé sem skal veitt þeim í einu lagi með fjárlögum.

Stjórn dómstólasýslunnar ákveður fjölda héraðsdómara og annarra starfsmanna við hvern héraðsdómstól og setur almennar reglur um flutning dómara á milli þeirra. Þá setur stjórn reglur um leyfi dómara frá störfum og veitir þeim leyfi. Stjórnin setur einnig reglur um meðferð mála hjá dómstólasýslunni og ákveður verkaskiptingu milli stjórnar og framkvæmdastjóra auk þess að ákveða hvaða stjórnsýsluverkefni skuli heyra undir dómstólasýsluna og hver undir forstöðumenn dómstólanna að því leyti sem þessi atriði eru ekki ákveðin í lögum.

Haldnir voru 10 fundir stjórnar á árinu. Fundargerðir hennar eru birtar á vefsíðu dómstólasýslunnar, domstolar.is.

Hjá dómstólasýslunni störfuðu í lok árs 2023 sjö manns að framkvæmdastjóra meðtöldum: verkefnastjóri, skjalastjóri, upplýsinga- og fræðslufulltrúi, tveir lögfræðingar og sérfræðingur í upplýsingatækni.

Hjá dómstólasýslunni störfuðu árið 2022 sjö manns að framkvæmdastjóra meðtöldum: verkefnastjóri, skjalastjóri, upplýsinga- og fræðslustjóri og þrír lögfræðingar.

Starfsemi dómstólasýslunnar 2023

Í störfum sínum tekur dómstólasýslan mið af stefnu dómstólanna fyrir tímabilið 2023–2027, sem var unnin á grunni eldri stefnu dómstólasýslunnar fyrir árin 2018–2022 en ólíkt henni er stefnan sameiginleg fyrir dómstóla á öllum þremur dómstigum og dómstólasýsluna. Stefnan er meðal annars byggð á hlutverki stofnunarinnar á grundvelli ákvæða laga nr. 50/2016.

Hlutverk

Hlutverk dómstólasýslunnar er skilgreint þannig í meginatriðum í 8. gr. dómstólalaga

1. Að vera í fyrirsvari fyrir sameiginlega stjórnýslu dómstólanna og koma fram gagnvart stjórnvöldum, fjölmiðlum og öðrum í þágu dómstólanna sameiginlega.
2. Að skipuleggja símenntun dómara og annarra starfsmanna í þjónustu dómstóla.
3. Að fara með yfirstjórn upplýsingamála og tæknimála dómstólanna, annast þróun þeirra mála og eftir þörfum ábendingar af því tilefni.
4. Að safna saman og birta upplýsingar um fjölda og afgreiðslu mála við dómstóla og gefa út ársskýrslu um starfsemi sína og dómstólanna.
5. Að stuðla að samræmingu og hafa eftirlit með framkvæmd reglna um málaskrár dómstóla, þingbækur, atkvæðabækur, búnað til upptöku á hljóði og mynd í þinghöldum, dómabækur og varðveislu málsskjala og upptaka í þinghöldum hjá dómstólum, samkvæmt þessum lögum, lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð ákærumála.
6. Að setja starfsreglur um samræmda framkvæmd við héraðsdómstóla en stjórn dómstólasýslunnar getur ákveðið að slíkar reglur verði bindandi ef þær varða ekki meðferð dómsmáls að því leyti sem dómari ber einn ábyrgð á henni.
7. Að gera tillögur um hvað eina sem getur orðið til úrbóta í störfum dómstóla og löggjöf sem um þá gilda.
8. Á grundvelli 4. mgr. 9. gr. dómstólalaga skal nefnd um dómarastörf hafa aðstöðu hjá dómstólasýslunni og á grundvelli 2. mgr. 11. gr. dómstólalaga skal það sama gilda um dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara. Þá hefur Endurupptökudómur aðsetur hjá dómstólasýslunni, sbr. 8. mgr. 54. gr. dómstólalaga

NÝ OG SAMEIGINLEG STEFNA DÓMSTÓLA

Ný og sameiginleg stefna dómstóla á öllum þremur dómstigum og dómstólasýslunnar fyrir árin 2023–2027 var samþykkt á árinu og gefin út í júní. Víðtækt samráð var haft við undirbúning stefnunnar. Gert er ráð fyrir að dómstólar og dómstólasýslan setji sér markmið um árangur á grundvelli stefnunnar og leggi reglulega mat á hvernig til hefur tekist.

Í stefnunni koma fram þau gildi sem eru höfð að leiðarljósi í störfum dómstóla og dómstólasýslunnar, svo og markmið og áherslur sem unnið verður að á tímabilinu.

Gildi dómstóla og dómstólasýslunnar

Sjálfstæði

Sjálfstæði dómsvaldsins er forsenda þess að aðilar dómsmála fái réttláta málsmeðferð og réttaröryggi verði tryggt. Starfsfólk dómstóla gætir þess að vina-, hagsmuna- og skyldleikatengsl og ómálefnaleg sjónarmið hafi ekki áhrif á störf sín, bæði í reynd og ásýnd.

Gæði


Dómarar dæma eftir lögum. Úrlausnir þeirra eiga að vera réttar, vel rökstuddar, skýrar og ritaðar á skiljanlegu máli. Starfsfólk aflar sér og viðheldur nauðsynlegri fagþekkingu og færni. Það leysir öll störf af hendi af fagmennsku og vandar til allra verka.

Trúverðugleiki


Starfsfólk vinnur störf sín af heilindum, gætir jafnræðis og sýnir virðingu.

Skilvirkni

Hæfilegur málsmeðferðartími dómsmála er forsenda réttlátrar málsmeðferðar og réttaröryggis. Verkferlar, verklag og vinna að úrlausn mála miðar að því að tryggja að niðurstaða dómsmála fái inn hæfilegs tíma og að öll þjónusta sé veitt með eins skjótum hætti og kostur er án þess þó að það bitni á gæðum.



Meginmarkmið 2023–2027



Verklag

- » Skilvirkni og gæði
- » Sjálfbærni og umhverfisvitund

Mannauður

- » Hæft starfsfólk
- » Starfsþróun og markviss símenntun
- » Eftirsóknarvert starfsumhverfi
- » Traust og virðing
- » Jöfn staða kynjanna

Fjármál og rekstur

- » Markviss áætlanagerð
- » Hagkvæmni í rekstri


Þjónusta

- » Réttlát opinber málsmeðferð
- » Sjálfstæðir og óvilhallir dómstólar
- » Traust til dómstóla
- » Notendamiðuð og nútímaleg þjónusta

Áherslur

Í þeim tilgangi að ná fram markmiðum stefnunnar hafa eftirtalin áherslusvið verið skilgreind. Á öllum áherslusviðum eru tækifæri til úrbóta sem gera dómstóla betur í stakk búna til að rækja hlutverk sitt og verkefni.

Í eftirfarandi umfjöllun um starfsemi dómstóla og dómstólasýslu árið 2023 er gerð grein fyrir helstu verkefnum sem unnið var að á árinu og tengjast þessum fjórum megináherslum auk þess sem fjallað er um önnur verkefni tengd markmiðum stefnunnar.





Stafræn þróun dómsskerfisins styður einkum eftirfarandi markmið:

- 1. Þjónusta:**
Réttlát málsmeðferð, notendamiðuð og nútímaleg þjónusta og traust til dómstóla
- 2. Verklag:**
Skilvirkni, gæði, sjálfbærni og umhverfisvitund
- 3. Mannauður:**
Eftirsóknarvert starfsumhverfi
- 4. Fjármál og rekstur:**
Hagkvæmni í rekstri

Stafrænt dómsskerfi

Stafrænt dómsskerfi er ein af megináherslum dómstóla og dómstólasýslunnar í stefnu 2023–2027. Unnið var að ýmsum upplýsingatækniverkefnum og öðrum verkefnum tengdum stafrænni þróun á árinu í náinni samvinnu við dómstóla á öllum dómstigum. Dómstólasýslan og fulltrúar frá dómsmálaráðuneytinu og dómstólunum fóru í fræðsluferð til Danmerkur til þess að fræðast um stafræna vegferð danskra dómstóla og dönsku dómstólasýslunnar. Áfram var haldið með það áttaksverkefni dómstólasýslunnar að greina þörf á lagabreytingum vegna þessarar þróunar í samvinnu við faghópa af öllum dómstigum.

Vinna við þróun og innleiðingu á réttarvörslugátt dómsmálaráðuneytisins hélt áfram á árinu í samvinnu við vinnuhópa hjá dómstólunum. Réttarvörslugáttin var innleidd hjá Landsrétti í kærðum sakamálum og voru haldnir kynningarfundir með lögmönnum, dómstólum og sækjendum vegna þess. Nú fer öll meðferð rannsóknarmála, allt frá lögreglu til Landsréttar, í gegnum réttarvörslugátt og er málsmeðferðin því alfarið pappírslaus. Næsta skref er þróun og innleiðing réttarvörslugáttar í sakamálum sem dómstólar og dómstólasýslan vinna nú að með dómsmálaráðuneytinu ásamt öðrum stofnunum réttarvörslukerfisins.

Talgreinir

Þarfagreining og undirbúningsvinna vegna skoðunar á möguleikum til þróunar og innleiðingar á talgreini fór fram á árinu. Send var út markaðskönnun á Evrópska efnahagssvæðinu í samvinnu við dómsmálaráðuneytið og Ríkiskaup þar sem markmiðið var að kanna hvaða tækifæri væru á markaði til þess að færa mælt íslenskt mál yfir í ritaðan texta. Markmið verkefnisins er m.a. að einfalda og flýta fyrir uppritun á skýrslutökum í dómsmálum. Vinna við talgreini mun halda áfram á árinu 2024.

Stafrænt vinnuafli

Á árinu hófst greining á tækifærum til sjálfvirknivæðingar og í kjölfarið hófst undirbúningur að smíði, uppsetningu og innleiðingu á stafrænu vinnuafli sem mun koma í stað handvirkra ferla hjá dómstólunum. Sú vinna mun halda áfram á árinu 2024.

Vefgátt héraðsdómstóla og þjónustugátt Hæstaréttar

Hæstiréttur tók á árinu í notkun þjónustugátt til móttöku rafrænna beiðna um áfrýjunarleyfi. Lokaundirbúningur og þróunarvinna við vefgátt fyrir héraðsdómstóla fór fram, en hún miðlar gögnum til og frá dómstólunum með rafrænum hætti. Þetta er sama gátt og Landsréttur og dómstólasýslan nota. Báðar gáttir eru tímabundin lausn þar til frekari þróun og innleiðing á réttarvörslugátt hefur átt sér stað.

Útboð á tölvu- og rekstrarþjónustu

Örútbóð á tölvu- og rekstrarþjónustu fyrir Hæstarétt, Landsrétt, héraðsdómstólana og dómstólasýsluna fór fram á árinu í kjölfar mikillar undirbúningsvinnu og þarfa-greiningar með stafræna þróun dómstóla í huga.

Umbætur á málaskrá

Ýmis umbótavinna fór fram á málaskrá dómstóla á árinu, bæði í þágu þess að gera málaskrárnar notendavænni fyrir starfsfólk og með stafræna málsmeðferð í huga.

Mynd frá vinnustofu við þróun réttarvörslugátta





Aukin upplýsingagjöf og fræðsla styður einkum við eftirfarandi markmið:

- Þjónusta:**
Traust til dómstóla, notendamiðuð og nútímaleg þjónusta, réttlát opinber málsmeðferð
- Verklag:**
Skilvirkni og gæði

Upplýsingagjöf og fræðsla


Dómstólarnir og dómstólasýslan vinna að því að gera hlutverk og starfsemi dómstóla sýnilega í samfélaginu. Markmiðið er að miðla upplýsingum á notendavænan og nútímalegan hátt og er leitast við að tryggja að starfsfólk dómstóla, fjölmiðlar og allur almenningur séu vel upplýst um starfsemina og eigi auðvelt með að nálgast upplýsingar. Leitað er skoðana þeirra sem nota þjónustu dómstólanna á gæðum þjónustunnar og hvernig megi bæta hana.

Kannanir

Könnun Gallup á trausti til stofnana og embætta var gerð í janúar og febrúar 2023. Traust til allra dómstiga jókst frá síðustu mælingu. Samkvæmt könnuninni báru 53% landsmanna mikið traust til Hæstaréttar. Landsréttur naut 47% trausts og héraðsdómstólarnir 42%. Könnunin sýnir auk þess að traust til dómskerfisins, sem er mun víðara hugtak, þar sem það tengist ýmsum aðilum og stofnunum réttarvörslukerfisins, minnkaði lítillega frá síðustu mælingu eða um 2%. Nokkuð hátt hlutfall svarenda tekur ekki skýra afstöðu og sýnileg tengsl eru á milli þekkingar á starfsemi dómstólanna og trausts til þeirra.



Hversu mikið traust berð þú til...?



Vefur dómstóla

Á árinu var unnið að endurskoðun á vefsíðum dómstóla með það að markmiði að bæta þjónustu þeirra og aðgengi að upplýsingum fyrir almenning og hagaðila. Unnið var að þarfagreiningu á því hvaða efni eigi erindi við lögmenn, aðila innan réttarvörslukerfisins, fjölmiðla og almenning. Samstarf hófst við Stafrænt Ísland um flutning á vef dómstólanna yfir á vefinn island.is.

Settir voru á fót stefnumótunar- og vinnuhópar með aðkomu starfsfólks dómstóla á öllum dómstigum. Í þessum hópum var annars vegar unnið að endurnýjun leitarvélar fyrir dóma sem eru gefnir út á vef dómstóla og hins vegar að stefnu um skipulag vefsins og þróun efnis sem er ætlað að bæta upplýsingar og leiðbeiningar til þeirra sem nota vef dómstólanna. Unnið var í vinnustofum með Stafrænu Íslandi þar sem greindar voru notendaparfir fyrir efni á nýjum vef. Í kjölfarið hófst vinna við skipulagningu, uppsetningu og greinaskrif fyrir nýjan vef. Áætlað er að notendaprófanir á nýjum vef hefjist um mitt árið 2024.

Dómstólasýslan notar Google Analytics til að mæla umferð um vefi stofnunarinnar. Ný útgáfa vefmælingarlausnar Google (GA4) var tekin í notkun um mitt árið. Breytt aðferðafræði kann að skýra að hluta að nokkuð færri heimsóknir mælast á seinni hluta ársins.

Í heildina námu heimsóknir á vefi dómstólasýslunnar og dómstóla tæpum 1,2 milljónum á árinu, sem er 8% fækkun frá fyrra ári. Líkt og áður er það vefur Landsréttar sem fær flestar heimsóknir eða rúmlega 470 þúsund, sem er 17% fækkun milli ára. Næstur á eftir kemur vefur héraðsdómstóla með tæplega 460 þúsund heimsóknir, sem er 4% fækkun milli ára.

Vefur Hæstaréttar var hinsvegar heimsóttur rúmlega 200 þúsund sinnum, sem er 6% fjölgun milli ára. Þá var vefur dómstólasýslunnar heimsóttur rúmlega 67 þúsund sinnum, sem er 8% fjölgun milli ára.

Heimsóknir á vef Endurupptökudóms eru ekki mældar.

DOMSTOLAR.IS

67.000

HEIMSÓKNIR

HERADSDOMSTOLAR.IS

460.000

HEIMSÓKNIR

LANDSRETTUR.IS

470.000

HEIMSÓKNIR

HAESTIRETTUR.IS

200.000

HEIMSÓKNIR

Viðburðir, fræðsla og samráðsfundir

Dómsmálaráðherra heimsótti dómstólasýsluna

Guðrún Hafsteinsdóttir dómsmálaráðherra heimsótti dómstólasýsluna 5. júlí 2023. Sigurður Tómas Magnússon, formaður stjórnar dómstólasýslunnar, og Kristín Haraldsdóttir framkvæmdastjóri tóku á móti dómsmálaráðherra og samstarfsfólki.

Dómsmálaráðherra kynnti sér kjarnastarfsemi og helstu verkefni dómstólasýslunnar, málatölur dómstíganna þriggja, Hæstaréttar, Landsréttar og héraðs Gdómstólanna, auk þess sem rætt var um stafræna þróun og húsnæðismál dómstóla, sem eru á meðal helstu viðfangsefna dómstólasýslunnar. Einnig var farið yfir áherslur sem voru settar fram í nýrri stefnu dómstóla fyrir árin 2023–2027.

Dómstóladagurinn

Fræðsludagur dómstólasýslunnar, dómstóladagurinn, var haldinn föstudaginn 8. september 2023 á Grand hóteli. Fræðsludagurinn hófst með inngangserindum Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra, Birgis Ármannssonar, forseta Alþingis, og Benedikts Bogasonar, forseta Hæstaréttar, undir yfirskriftinni Sjálfstæði dómstóla – sjónarhorn valdstoðanna þriggja á valdmörkin og áskoranir. Einnig flutti Grétar Sveinn Theódórsson almannatengill erindi um ásýnd dómstóla, traust og trúverðugleika.

Að inngangserindum loknum var boðið upp á sex málstofur þar sem var fjallað um rannsókn sakamála, málshraða í einkamálum, úrlausn æðri dóms um réttarfarsannmarka á lægra dómstigi og samræmi og verklag við útgáfu dóma út frá persónuverndarsjónarmiðum. Þá var fjallað um undirbúning mála fyrir dómstólum, hlutverk ríkislögmanns kynnt og loks var erindi um mannauð dómstóla, færni til framtíðar og stafrænar umbreytingar. Mjög ánægjulegt var hversu margir tóku þátt og nutu fræðsludagskrár dómstóladagsins.

Samráðsfundur með Lögmannafélagi Íslands

Samráðsfundur með Lögmannafélagi Íslands var haldinn í nóvember.

Heimsókn frá áfrýjunardómstólum í Ríga

Dómarar frá áfrýjunardómstólum í Ríga í Lettlandi heimsóttu dómstóla á öllum dómstígum og



Mynd: Sigurður Tómas Magnússon, formaður stjórnar dómstólasýslunnar, Kristín Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar, Guðrún Hafsteinsdóttir dómsmálaráðherra og Bryndís Helgadóttir, skrifstofustjóri skrifstofu réttarfars og stjórnarsýslu í dómsmálaráðuneytinu.



Mynd: Benedikt Bogason, forseti Hæstaréttar, Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Birgir Ármannsson, forseti Alþingis, á dómstóladeginum.



Mynd: Frá dómstóladeginum

dómstólasýsluna dagana 16.–17. maí. Margt áhugavert kom fram í heimsókninni, meðal annars hvernig málum er úthlutað rafrænt hjá héraðsdómstólum í Ríga. Einnig var fjallað um mat á hæfni umsækjenda um embætti dómara, gæðamál, stafrænt dómkerfi og fleira.

Heimsókn lettnesku dómstólasýslunnar

Fulltrúar dómstólasýslunnar í Lettlandi heimsóttu dómstólasýsluna og Héraðsdóm Reykjavíkur í september. Markmið heimsóknarinnar var deila upplýsingum og reynslu þjóðanna af stafrænum lausnum við meðferð dómsmála. Stjórnýsla dómstóla og upplýsingatæknimál voru einnig til umræðu.

Heimsóknir til héraðsdómstóla

Héraðsdómur Reykjavíkur tók á móti fjölda gesta á árinu. Aðstoðarmenn dómara tóku á móti fjölmörgum hópum nemenda á framhaldsskóla- og háskólastigi sem fengu kynningu á starfsemi Héraðsdóms Reykjavíkur og dómkerfinu.

Þá komu fjölmargir aðrir hópar í heimsókn til Héraðsdóms Reykjavíkur. Þar má nefna hóp finnskra dómara frá nokkrum stjórnýsludómstólum víðsvegar um Finnland sem kom í september. Á móti þeim tóku Arnaldur Hjartarson héraðsdómari, Ingibjörg Þorsteinsdóttir dómstjóri og Krístrún Kristinsdóttir héraðsdómari og ræddu við þá um ýmis sameiginleg málefni, en aðaláhersla var á málsmeðferð í forsjármálum og endurmenntun dómara. Einnig kom í september hópur frá lettnesku dómstólasýslunni. Á móti honum tóku Gísli Garðarsson teymisstjóri, Hilda Valdemarsdóttir skrifstofustjóri, Ingibjörg Þorsteinsdóttir dómstjóri og Lilja Björk Sigurjónsdóttir gæða- og sviðsstjóri. Aðalumræðuefnið var þróun í rafrænni málsmeðferð en Lettar standa framarlega í þeim efnum.

Í október tók Barbara Björnsdóttir héraðsdómari á móti hópi frá dómsmálaráðuneytinu í Slóvakíu sem var staddur hér á landi til að kynna sér þá hlið réttarvörslu kerfisins sem snýr að börnum, svo sem framkvæmd skýrsla í Barnahúsi. Þá tóku Arnaldur Hjartarson héraðsdómari, Björn L. Bergsson varadómstjóri og Rut Júlíusdóttir héraðsdómari í nóvember á móti hópi dómara frá áfrýjunardómstól í Peking en kínversku dómarnir voru einkum áhugasamir um íslenska dómkerfið.




Mynd: Maris Kumerdanks, yfirmaður upplýsingatæknimála hjá lettnesku dómstólasýslunni, Kristín Haraldsdóttir, framkvæmdastjóra dómstólasýslunnar, Evija Krauze, fjármálastjóri lettnesku dómstólasýslunnar, Dace Dindone, mannauðsstjóri lettnesku dómstólasýslunnar, Íris Elma Guðmann, verkefnastjóri hjá dómstólasýslunni, og Snædís Ósk Sigurjónsdóttir, lögfræðingur hjá dómstólasýslunni.



Frá heimsókn dómara frá Peking til Héraðsdóms Reykjavíkur.



Frá heimsókn finnskra dómara til Héraðsdóms Reykjavíkur.



Heimsóknir til Landsréttar og Hæstaréttar á árinu

Landsréttur og Hæstiréttur tóku á móti fjölda gesta á árinu 2023 og áttu ýmsa fundi varðandi starfsemina, þar á meðal má nefna.

Í febrúar þáðu starfsmenn Landsréttar boð Skúla Magnússonar, umboðsmanns Alþingis. Umboðsmaður og starfsmenn embættisins tóku vel á móti gestunum og fræddu þá um starfsemina og þau mál sem þar voru efst á baugi.

Í mars áttu forseti og skrifstofustjóri Landsréttar fund með Sigríði Friðjónsdóttur ríkissaksóknara og Helga Magnúsi Gunnarssyni vararíkissaksóknara. Tilgangur fundarins var að ræða ýmis atriði varðandi rekstur sakamála fyrir Landsrétti.

Um miðjan maí komu í heimsókn fjórir dómara frá Rigas-apgabaltiesas eða áfrýjunardómstólum í Riga í Lettlandi. Fyrir hópnum fór forseti dómstólsins, Daiga Vilsone. Erindi þeirra var að ræða við dómara Landsréttar og kynna sér starfsemina.

Í nóvember tóku varaforseti og skrifstofustjóri Landsréttar á móti hópi dómara frá Beijing í Kína. Fyrir hópnum fór Fengde An, forseti áfrýjunardómstólsins í Beijing. Heimsóknin var liður í ferð hópsins um Norðurlönd til að kynna sér norrænt réttarkerfi, meðal annars reglur um endurupptöku dóma.

Í nóvember áttu varaforseti og skrifstofustjóri Landsréttar fund með Sigríði Erni Hilmarsyni formanni, Áslaugu Björgvinsdóttur varaformanni og Ingimar Ingasyni, framkvæmdastjóra Lögmannafélags Íslands, og ræddu ýmis atriði í samskiptum lögmanna og Landsréttar.

Landsréttur tók einnig á móti hópum nemenda frá lagadeildum háskóla á Íslandi sem og framhaldsskólum þar sem lögræði er kennd og fræddi þá um starfsemi réttarins.

Sjá umfjöllun um heimsóknir til Hæstaréttar í ársskýrslu 2023 <https://www.haestirettur.is/library/Files/arsskyrslur/Arsskyrsla%202023.%20pdf>

Heimsókn til dómstólasýslunnar í Danmörku, Eystri Landsréttar og héraðsdómstólsins í Frederiksberg

Danska dómstólasýslan (Domstolsstyrelsen) tók að beiðni dómstólasýslunnar á móti hópi frá dómstólasýslunni, dómstólum og dómsmálaráðuneytinu og kynnti stafrænar umbætur hjá dönskum dómstólum. Hópurinn fékk kynningu á hugbúnaði sem er í þróun hjá dönsku dómstólasýslunni vegna sakamála og á stöðu hugbúnaðar í einkamálum. Meðal annars var fjallað um það í hvaða skrefum stafræn málsmeðferð yrði innleidd á sviði sakamála og reynsluna sem fengist hefur af stafrænni málsmeðferð í einkamálum. Hópurinn heimsótti einnig héraðsdómstólinn í Frederiksberg og Eystri landsrétt og fékk þar kynningu á starfseminni og reynslu dómstólanna af stafrænum umbótum.

Fundur með norrænum dómstólasýslum

Árlegur fundur norrænna dómstólasýslna var haldinn í Álasundi í Noregi 24.–26. maí 2023. Á þessum fundum eru rædd sameiginleg viðfangsefni og tækifæri nýtt til að deila reynslu og þekkingu. Á fundinum í Álasundi var meðal annars rætt um sjálfstæði dómstóla og hlutverk þeirra í að tryggja lýðræði. Á fundinum var einnig rætt um hlutverk dómstólasýslna, virka stjórnun dómsmála og stafræna þróun, stefnumótun, mannauðsmál og tölfraeðigreiningu. Stofnanirnar eru: Domstolsstyrelsen (DK), Domstoladministrasjonen (NO), Domstolsverket (SE) og Tuomioistuinvirasto/ Domstolsverket (FI).

Fræðsludagur Endurupptökudóms

Fræðsludagur Endurupptökudóms var haldinn í maí. Eyvindur G. Gunnarsson flutti erindi um réttarframkvæmd Endurupptökudóms, álítaefni og helstu tegundir mála. Að því loknu fluttu Víðir Smári Petersen og Sindri M. Stephensen erindi um valin álítaefni um endurupptöku og valdmörk Endurupptökudóms.

SEND (Samarbejdsorganet for efteruddannelse af Nordens dommere)

SEND er samstarfsverkefni norrænu dómstólanna um símenntun dómara. Í stýrinednd SEND sitja fulltrúar norrænu dómstólanna en hlutverk hennar er að ákveða og skipuleggja efni málþinga sem haldin eru á vegum SEND. Árið 2023 voru haldnar tvær ráðstefnur. Í maí fór fram ráðstefna í Osló, þar sem var fjallað um virka stjórnun þinghaldna í sakamálum. Í nóvember var síðan haldin ráðstefna í Stokkhólmi. Fræðslan á því málþingi var sérstaklega ætluð stjórnendum og var umfjöllunarefnið hvernig gætt er að sjálfstæði dómstólanna við stjórnun þeirra.

Hildur Briem, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, situr í stýrinednd ásamt Hrafnhildi Brynju Stefánsdóttur, upplýsinga- og fræðslufulltrúa dómstólasýslunnar. Á árinu hófst undirbúningur ráðstefnu SEND sem verður haldin á Íslandi árið 2024. Skipulagning hennar er í höndum norrænnar samstarfsnefndar og fulltrúa dómstóla á Íslandi.

CEPEJ (European Commission for the Efficiency of Justice)

Framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar er fulltrúi Íslands í CEPEJ. Markmið þessa ráðs er að stuðla að aukinni skilvirkni réttarkerfa innan sambandsríkjanna og setur það m.a. í þeim tilgangi mælikvarða og safnar tölfraeðiupplýsingum frá stofnunum og dómstólum. Vefsíða ráðsins er <https://www.coe.int/en/web/cepej/home> Framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar sótti tvo staðfundi á árinu, í júní og desember.



Frá heimsókn hjá Eystri landsrétti. Frá vinstri: Carsten Kristian Vollmer, forseti Eystri landsréttar, Sigurður Tómas Magnússon, formaður stjórnar dómstólasýslunnar, Margrét Helga Kristínar Stefánsdóttir, lögfræðingur hjá dómstólasýslunni, Kristín Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar, Guðlaug Dröfn Þórhallsdóttir, verkefnastjóri í dómsmálaráðuneytinu, Íris Elma Guðmann, verkefnastjóri hjá dómstólasýslunni, Bryndís Helgadóttir, skrifstofustjóri skrifstofu réttarfars og stjórnarsýslu í dómsmálaráðuneytinu, og Snædís Ósk Sigurjónsdóttir lögfræðingur hjá dómstólasýslunni.



Frá heimsókn dómara á Send ráðstefnu í Osló til Hæstaréttar Noregs.



Áherslurnar styðja einkum við eftirfarandi markmið:

1. Mannauður:

Hæfir starfsmenn, starfsþróun og markviss símenntun, traust, jafnrétti og virðing, eftirsóknarvert starfsumhverfi

2. Verklag:

Skilvirkni og gæði, hagkvæmni

Mannauður og færni

Dómstólar og dómstólasýslan leitast við að laða að og halda í hæft, jákvætt og metnaðarfullt starfsfólk og stjórnendur sem geta stuðlað að því að dómstólar og dómstólasýslan nái sem best markmiðum sínum hverju sinni í síbreytilegu starfsumhverfi. Sérstök áhersla er lögð á að starfsfólk og stjórnendur tileinki sér þá tæknifærni sem þörf er á í stafrænu umhverfi.

Mikilvægt er að starfsfólk viðhaldi færni sinni og auki hana með markvissri símenntun og þroskandi verkefnum. Stjórnendur þurfa að hafa góða hæfni og færni til að skapa gott og hvetjandi starfsumhverfi þar sem styrkleikar starfsfólks fá notið sín og tækifæri gefast til að þróast í starfi.

Stofnanasamningur fyrir allt háskólamenntað starfsfólk í dómsskerfinu

Í byrjun árs 2023 var samþykktur stofnanasamningur fyrir háskólamenntað starfsfólk í dómsskerfinu sem er í BHM. Markmið stofnanasamningsins var að tryggja að laun innan dómsskerfisins grundvölluðust á málefnalegum og gagnsæjum forsendum. Unnið hafði verið að samningnum frá árinu 2021, eða frá því að formleg beiðni barst um endurskoðun gildandi stofnanasamnings fyrir aðstoðarmenn hjá héraðsdómstólunum frá árinu 2013. Stofnanasamningurinn var unninn af samstarfsnefnd sem í sátu fulltrúar frá héraðsdómstólunum, Landsrétti, Hæstarétti, dómstólasýslunni og einn fulltrúi sem kom fram fyrir viðkomandi stéttarfélag.

Innri upplýsingamiðlun – innri vefur

Sameiginlegur innri vefur dómstólanna, Askur, var settur í loftið í desember eftir þarfagreiningu og vinnustofu með fulltrúum allra dómstóla. Starfsfólk dómstólanna er með aðsetur víða um land og eru miklar vonir bundnar við að Askur muni efla innri samskipti og auðvelda aðgengi að upplýsingum innan dómstólanna. Dómstólablaðið, rafrænt fréttabréf dómstólasýslunnar, var gefið út tvisvar á árinu en innri vefurinn hefur nú tekið við innri upplýsingamiðlun og umfjöllun um helstu verkefni, fræðslu og viðburði í starfsemi dómstólasýslunnar og dómstólanna.



Frá vinnustofu fyrir innri vef

Fræðsla og mannauður hjá dómstólunum

Héraðsdómur Reykjavíkur lagði á árinu áherslu á fræðslu fyrir starfsmenn um heilsu, öryggi og vellíðan á vinnustað. Var meðal annars boðið upp á hádegisfyrirlestra um leiðir til að koma í veg fyrir líkamleg álagseinkenni og verki, um mikilvægi góðrar næringar, starfsánægju, geðheilbrigði og um samskipti og samstarf. Í framhaldi af fyrirlesturum og vinnustofu um góð samskipti á vinnustaðnum er nú að ljúka vinnu við gerð samskiptasáttmála dómstólsins.

Þá hélt Héraðsdómur Reykjavíkur vorteiti í maí fyrir núverandi og fyrrverandi starfsmenn dómstólsins. Í boðið mættu um 100 manns og var sérstaklega ánægjulegt að fá fyrrum dómara og annað starfsfólk í heimsókn.

Héraðsdómur Reykjaness bauð starfsfólki sínu upp á fræðslu og markþjálfun og starfsmaður Ríkislögreglu-stjóra hélt þar fyrirlestur um öryggisvitund og samskipti við erfiða einstaklinga.

Námsleyfi dómara

Dómstólasýslan leggur mat á og tekur afstöðu til umsókna dómara um námsleyfi. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla ávinnur dómari sér rétt til þriggja vikna námsleyfis á hverju starfsári og setur dómstólasýslan nánari reglur þar um, sbr. 7. mgr. 44. gr. laga um dómstóla. Sjá reglur dómstólasýslunnar um námsleyfi dómara á domstolar.is

Samtals fóru átta dómara í námsleyfi árið 2023: fjórir við Héraðsdóm Reykjavíkur, einn við Héraðsdóm Reykjaness, tveir við Landsrétt og einn við Hæstarétt. Einn dómari hóf töku námsleyfis í janúar, þrír í mars, einn í júlí og þrír í september.

Starfsmenntunarsjóður dómara

Starfsmenntunarsjóður dómara starfar á grundvelli 8. mgr. 44. gr. laga um dómstóla. Kostnaður dómara vegna námskeiða, námsstefna, ráðstefna, málþinga, kaupa á fræðiritum og annarrar þekkingaröflunar, héraðs eða erlendis, sem tengja má dómara starfinu eða hlutverki dómstóla greiðist úr sjóðnum í samræmi við úthlutunarreglur hans, sjá nánar á domstolar.is. Starfsmenntunarsjóður

dómara tók við umsóknum og sá um greiðslu styrkja í kjölfar samþykktar þeirra. Samþykktar voru 77 umsóknir á árinu 2023. Haldnir voru fjórir fundir stjórnar á árinu.

Formaður Starfsmenntunarsjóðs dómara er Kristín Benediktsdóttir dósent, tilnefnd af dómsmálaráðherra, en aðrir í stjórn eru Hjördís Hákonardóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari, tilnefnd af Hæstarétti Íslands, og Kristín Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar. Sonja Hafdís Pálsdóttir, verkefnastjóri hjá Hæstarétti, starfar fyrir sjóðinn.

Fræðsla fyrir starfsfólk dómstólanna

Námskeið fyrir dómara og aðstoðarmenn dómara 2023

Fasteignakauparéttur – gallahugtak fasteignakaupalaga og réttarþróun um upplýsinga- og aðgæsluskyldu

Ívar Pálsson lögmaður fjallaði um valin viðfangsefni á sviði fasteignakauparéttar. Megináhersla var lögð á gallahugtakið og dómaþróun hvað varðar upplýsinga- og aðgæsluskyldu í fasteignakaupum.

Stjórnun þinghalda

Ásgerður Ragnarsdóttir héraðsdómari fór yfir ýmis lagaleg, tæknileg og siðferðileg atriði sem snúa sérstaklega að meðferð mála og stjórnun þinghalda frá sjónarhóli dómara, allt frá skráningu og úthlutun máls til endanlegra lykta þess. Námskeiðið er ætlað fyrir nýskipaða dómara.

Samning dóma í sakamálum

Eiríkur Tómasson, fyrrverandi hæstaréttardómari, fjallaði um ákvæði XXVIII. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála um það hvernig staðið skuli að samningu dóma og annarra dómsúrlausna í þeim málum, m.a. með tilliti til breytinga á ákvæðunum sem gerðar voru 2015. Námskeiðið er ætlað fyrir nýskipaða dómara.

Samning dóma í einkamálum

Ásmundur Helgason, dómari við Landsrétt, fjallaði um þær reglur sem gilda um samningu héraðsdóma í einkamálum. Hugað var að baksviði þeirra reglna og þær nánar skýrðar. Einnig var fjallað um afleiðingar þess að samningu dóms er áfátt. Námskeiðið var ætlað fyrir nýskipaða dómara.

Samkeppnislög, hlutverk dómstóla við framkvæmd og álitaefni

Kristín Benediktsdóttir, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, og Jóna Björk Helgadóttir lögmaður fóru yfir hlutverk dómstóla við framkvæmd samkeppnislaga og álitaefni sem reynt hefur á fyrir dómstólum í tengslum við ákvarðanir samkeppnisyfirvalda.

Stafrænn dómari

Sérfræðingar frá Origo leiðbeindu á stað- og fjarnámskeiðum um það sem þarf að hafa í huga varðandi tækniþúnað og tæknilausnir í dómsal.

Endurupptökudómur

Eyvindur G. Gunnarsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, sem á sæti í Endurupptökudómi, fjallaði um hlutverk Endurupptökudóms, tölfraði, helstu tegundir mála og annað sem komið getur til skoðunar, svo sem þegar endurupptekin mál fara á ný til dómstóla o.fl.

Sérskilyrði í tengslum við skilorðsdóma

Sigríður Hjaltsted héraðsdómari greindi frá niðurstöðum rannsóknar: Sérskilyrði í tengslum við skilorðsbundna dóma, skv. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga. Dauður lagabókstafur eða vannýtt úrræði? Fjallað var um dómaframkvæmd og fullnustu dóma af þessu tagi.

Samþykki sem þáttur í verknaðarlýsingu 194. gr. almennra hegningarlaga um nauðgun með hliðsjón af nýlegum dómum

Ragnheiður Bragadóttir, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, fjallaði um samþykki sem þáttur í verknaðarlýsingu 194. gr. almennra hegningarlaga um nauðgun með hliðsjón af nýlegum dómum: Samþykki og frjálstan vilja, skilyrði þess að samþykki teljist vera fyrir hendi, sjónarmið um túlkun ákvæðisins og hvernig því hefur verið beitt af dómstólum.

Önnur námskeið skipulögð fyrir allt starfsfólk – í samstarfi við Starfsmennt og fleiri aðila

Stafrænt Ísland og Island.is

Kolbrún Eir Óskarsdóttir, verkefnastjóri hjá Stafrænu Íslandi, fjallaði, um vefinn island.is, hugmyndafræðina, stöðuna og stefnuna.

Samskiptastílar

Eypór Eðvarðsson frá Þekkingarmiðlun útskýrði aðferðir til að auka skilning á eigin samskiptastíl og annarra, hvernig þekking má algeng vandamál í samskiptum og hvaða leiðir eru gagnlegar til að vinna með ólíku fólki.

Vettvangsferð – Fangelsismálastofnun

Starfsfólk dómstólanna heimsótti fangelsið á Hólmsheiði í maí 2023. Heimsóknin hófst á kynningu um starfsemi fangelsisins og annarra fangelsa á Íslandi. Að því loknu var hópnum skipt upp og farið í kynnisferð um fangelsið þar sem aðstaðan þar var sýnd.

Stafrænt Ísland – efnisstefna island.is

Kolbrún Eir Óskarsdóttir, verkefnastjóri hjá Stafrænu Íslandi, og Halla Hrund Skúladóttir hjá Stefnu útskýrðu efnisstefnu island.is, sem farið er eftir við vinnslu efnis fyrir vefinn.

Betri tímastjórnun og skipulag á vinnustaðnum

Ingrid Kuhlman hjá Þekkingarmiðlun útskýrði aðferðir við að ná yfirsýn í starfi með betri tímastjórnun, skipulagningu og forgangsriðun verkefna. Hvernig væri hægt að skapa tíma fyrir mikilvægustu verkefni og takast á við truflanir af ýmsum toga, eins og símtöl og tölvupóst.

Hagnýt íslenska fyrir starfsfólk dómstólanna

Berglind Steinsdóttir, prófarkalesari hjá Héraðsdómi Reykjavíkur, og Hermann Stefánsson, prófarkalesari hjá Landsrétti, leiðbeindu á námskeiði í hagnýtri íslensku fyrir dómstólana. Fjallað var um ritun og birtingu dóma, hvernig rita á og byggja upp formlegan texta og hvernig hægt er að samræma orðanotkun og málsnið á milli dómstóla. Einnig var fjallað um formleg tölvupóstsamskipti og fleira.

Tölvufærni

Í samvinnu við Starfsmennt var boðið upp á vefnam með valfrjálsu upphafi og tímasetningu. Boðið var upp á grunn- og framhaldsnámskeið í Excel, grunn- og framhaldsnámskeið í Word, námskeið í Outlook, í verkefna- og tímastjórnun, hugarkortum (e. mind mapping) og í Microsoft Teams.

Önnur fræðsla

Fræðsluferð Landsréttar til EFTA dómstólsins

Í byrjun maí héldu dómarmenn og starfsfólk Landsréttar í fræðsluferð til Lúxemborgar. Heimsóttu þau meðal annars EFTA-dómstólinn og tók Páll Hreinsson, forseti réttarins, á móti hópnum. Hlýtt var á afar fróðleg erindi forseta og skrifstofustjóra, Ólafs Jóhanns Einarssonar, um hlutverk og starfsemi dómstólsins, þau álitafni sem efst væru á baugi í EES-rétti og áhrif hans á íslenskt réttarfar. Löglærðir aðstoðarmenn við dómstólinn, Ólafur Ísberg Hannesson og Kristján Jónsson, ræddu um samband dómstólsins við dómstóla EFTA-ríkjanna og beiðni um ráðgefandi álit. Einnig heimsótti hópurinn Evrópu dómstólinn þar sem danski dómarmenn Lars Bay Larsen, sem nú er varaforseti dómstólsins, tók á móti hópnum og fræddi hann um starfsemi dómstólsins og tengsl við EFTA-dómstólinn.

Námskeið fyrir matsmenn

Dómstólasýslan og Lögmannafélag Íslands stóðu fyrir tveggja daga námskeiði fyrir dómkvadda matsmenn. Farið var yfir hlutverk þeirra og starf frá dómkvaðningu og þar til þeir skila matsgerð og/eða mæta fyrir dóm. Í lok síðari námskeiðsdags var farið í Héraðsdóm Reykjavíkur þar sem nánar var upplýst um samskipti dómkvaddra matsmanna við dómstólana. Þetta er sjöunda árið sem námskeið fyrir matsmenn er haldið en 54 sérfræðingar sóttu námskeiðið í ár. Kennari á námskeiðinu var Viðar Lúðvíksson, lögmaður hjá Landslögum. Lögmannafélag Íslands heldur utan um lista yfir þá sem hafa sótt námskeiðið og vilja vera til taks sem matsmenn. Uppfærðar upplýsingar um þá eru sendar á dómstóla og lögmenn í byrjun hvers árs en í lok árs voru 214 á listanum. Hafði þeim fjölgað um 40 frá árinu áður.

Frá fræðsluferð Landsréttar til EFTA dómstólsins





Áherslurnar styðja einkum við eftirfarandi markmið:

1. Þjónusta:
Traust til dómstóla
2. Mannauður:
Eftirsóknarvert starfsumhverfi

Húsnæði og öryggismál

Áherslur í húsnæðismálum

Húsnæðismál dómstóla hafa verið til skoðunar um árabíl. Dómstólasýslan vakti á árinu athygli dómsmálaráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis á stöðu húsnæðismála dómstóla og brýnni þörf á umbótum á aðbúnaði og öryggi hjá mörgum dómstólum. Áhersla var lögð á að ákvarðanatata um framtíðarhúsnæði dómstóla þyrfti að byggjast á vandaðri greiningu á þörfum þeirra til framtíðar með aðkomu dómstólasýslu, dómstóla og hagaðila, þar á meðal Lögmannafélags Íslands, ákæranda og Öryrkjabandalagsins.

Samræmd stefna um öryggi í húsnæði dómstóla

Stefna um öryggi í húsnæði dómstólanna var samþykkt í stjórn dómstólasýslunnar í mars 2023 ásamt samræmdum öryggisviðmiðum sem unnin voru í samvinnu við Ríkislögreglustjóra. Markmið stefnunnar er að stuðla að öruggu vinnuumhverfi og réttlátri og opinberri málsmeðferð við öruggar aðstæður. Í stefnunni eru skilgreindar aðgerðir til að lágmarka hættu í eða við dómhús vegna ofbeldis, árása, uppþota, innbrota og annarra athafna eða ástands sem getur ógnað öryggi fólks eða raskað starfsemi dómstóla. Í framhaldi af samþykkt stefnunnar var gerð áætlun um úttekt Ríkislögreglustjóra á öryggi í húsnæði allra dómstóla út frá skilgreindum öryggisviðmiðum. Fjórar úttektir fóru fram á seinni hluta ársins 2023 og er gert ráð fyrir að öllum úttektum verði lokið vorið 2024. Ljóst er að brýn þörf er á að bregðast við ýmsum ábendingum sem fram koma í þeim skýrslum sem þegar liggja fyrir. Ábendingarnar lúta einkum að öryggisbúnaði og skipulagi og viðhaldi húsnæðis.

ÖNNUR VERKEFNI

og sjálfstæðar nefndir með aðsetur hjá dómstólasýslunni

Reglur sem dómstólasýslan setur

Dómstólasýslan gefur út reglur með það að markmiði að tryggja samræmda framkvæmd hjá dómstólum.

Reglur sem voru samþykktar í stjórn dómstólasýslunnar og tóku gildi á árinu 2023:

- Reglur um málsvarnarlaun eða þóknun til verjenda og þóknun til réttargæslumanna o.fl. nr. 1/2023
- Reglur um ákvörðun þóknunar skiptastjóra vegna kröfu um atvinnurekstrarbann nr. 2/2023
- Siðareglur fyrir starfsmenn dómstóla nr. 3/2023

Eftirtaldar reglur voru samþykktar í stjórn dómstólasýslunnar á árinu 2023 en tóku gildi 1. janúar 2024:

- Reglur um málsvarnarlaun eða þóknun til verjenda og þóknun til réttargæslumanna o.fl. nr. 1/2024
- Reglur um ákvörðun málskostnaðar við áritun stefnu í útvistarmáli skv. 113. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála nr. 2/2024
- Reglur um sérfróða meðdómsmenn nr. 3/2024
- Reglur um námsleyfi dómara nr. 4/2024
- Reglur um fjárhæð skiptatrygginga og skipun skiptastjóra og umsjónarmanns með nauðasamningsumleitunum nr. 5/2024

Sjálfbærni og umhverfisvitund

Unnið er markvisst að því að minnka kolefnisspor í samræmi við stefnu stjórnvalda þar um. Lögð er áhersla á stafrænar lausnir til að draga úr pappírnotkun og ferðum. Hvatt er til umhverfisvæns ferðamáta og leitast við að draga úr sóun.

Umhverfisstefna

Dómstólarnir og dómstólasýslan samþykktu loftslagsstefnu árið 2021 í samræmi við lög um loftslagsmál, eins og þeim var breytt með lögum nr. 86/2019. Stefnan tekur til alls reksturs dómstólanna og varðar allt starfsfólk þeirra. Hún tekur m.a. til samgangna, innkaupa, orkunotkunar, úrgangsmýndunar og umhverfisfræðslu. Stefnunni er fylgt eftir með þátttöku í verkefnum Græn skref sem er í umsjá Umhverfisstofnunar. Dómstólarnir og dómstólasýslan hafa uppfyllt þrjú skref af fimm. Með þátttöku í Grænum skrefum vilja dómstólarnir og dómstólasýslan draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni og efla umhverfisvitund starfsfólks.

Sérfróðir meðdómsmenn

Eitt af hlutverkum dómstólasýslunnar er að tilnefna hæfilegan fjölda sérfróðra meðdómsmanna, sbr. VII. kafla laga um dómstóla. Sérfróðir meðdómsmenn eru kallaðir til í málum þar sem sérkunnáttu er þörf til þess að leysa úr máli. Markmið kvaðningar sérfróðra meðdómsmanna er að bæta gæði dómsúrlausna og auka traust á störfum dómstóla. Gert er ráð fyrir að dómstólasýslan tilnefni aðila með sérkunnáttu á öðrum sviðum en lögfræði til fimm ára í senn til að gegna störfum sérfróðra meðdómsmanna á helstu sviðum þar sem reynir á slíka þekkingu við meðferð mála fyrir héraðsdómi og Landsrétti. Sjá nánar [hér](#).

Dómstólasýslan tilnefndi árið 2023 43 einstaklinga til þess að gegna störfum sérfróðra meðdómsmanna til næstu fimm ára. Við árslok 2023 voru þeir 225 talsins.

Nefnd um dómarastörf

Nefnd um dómarastörf er sjálfstæð og óháð nefnd sem starfar á grundvelli dómstólalaga nr. 50/2016. Nefndinni er ætlað að styrkja stöðu dómstólanna sem sjálfstæðra og óháðra stofnana, jafnt inn á við sem út á við. Nefndin hefur aðsetur hjá dómstólasýslunni sem veitir henni margvíslega aðstoð, m.a. við að skrá mál og birta álit á vef dómstólasýslunnar og við birtingu á hagsmunaskráningu dómara.

Hinn 1. desember 2023 tók Sigrún Guðmundsdóttir, fyrrverandi héraðsdómari, sæti í nefndinni í stað Helga I. Jónssonar, fyrrverandi hæstaréttardómara, sem lét

af störfum 30. nóvember 2023. Aðrir nefndarmenn eru Ragnheiður Thorlacius, fyrrverandi héraðsdómari, formaður nefndarinnar, og Sindri M. Stephensen, dósent við Háskólann í Reykjavík.

Nefndin hefur sett sér reglur um birtingu álit en nánari upplýsingar um nefndina, aukastörf dómara, álit og ákvarðanir eru birtar á domstolar.is.

[Sjá ársskýrslu nefndar um dómarastörf 2023.](#)

Dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara

Dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara er sjálfstæð og óháð nefnd sem fjallar um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara, landsréttardómara og héraðsdómara sem og embætti dómenda við Endurupptökudóm. Dómnefndin starfar á grundvelli III. kafla dómstólalaga nr. 50/2016 og hefur aðstöðu hjá dómstólasýslunni. Nefndin hélt 44 fundi á árinu í húsakynnum dómstólasýslunnar. Starfsmaður dómstólasýslunnar gegnir stöðu ritara hennar.

Dómnefndin lætur ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara þar sem tekin skal afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið.

Í upphafi árs skipuðu dómnefndina Eiríkur Tómasson formaður, Kristín Benediktsdóttir dósent, Helga Melkorka Óttarsdóttir lögmaður, Þorgeir Örlygsson, fyrrverandi hæstaréttardómari, og Reimar Snæfells Pétursson lögmaður. Skipunartími í dómnefndina er fimm ár, þó þannig að hvert ár rennur út skipunartími eins aðalmanns og varamanns hans. Á árinu rann út skipunartími Eiríks Tómassonar aðalmanns og Áslaugar Árnadóttur, varamanns hans. Samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar skipaði dómsmálaráðherra Ásu Ólafsdóttur hæstaréttardómara aðalmann í dómnefndina og Sigurð Tómas Magnússon hæstaréttardómara varamann hennar frá og með 23. júlí 2023.

Hinn 23. desember 2022 var embætti varadómada við Endurupptökudóm auglýst laust til umsóknar og bærust tvær umsóknir. Hinn 15. febrúar 2023 lá niðurstaða dómnefndar fyrir þar sem hún mat umsækjendur jafnhæfa til að hljóta skipun í embætti varadómada við Endurupptökudóm.

Skipaði ráðherra Jónas Þór Guðmundsson lögmann í embættið.

Hinn 10. febrúar 2023 var setning í embætti dómara við Landsrétt auglýst laus til umsóknar og bárust fjórar umsóknir. Hinn 14. apríl sama ár lá niðurstaða dómnefndar fyrir þar sem hún mat tvo umsækjendur jafnhæfa til að hljóta setningu í embættið. Ráðherra setti Ásgerði Ragnarsdóttur héraðsdómara í embætti dómara við Landsrétt.

Hinn 12. maí 2023 voru auglýst laus til umsóknar tvö embætti héraðsdómara, annars vegar skipun í embætti dómara með fyrsta starfsvettvang við Héraðsdóm Reykjavíkur og hins vegar setning í embætti dómara við sama dómstól í leyfi skipaðs héraðsdómara. Átta umsóknir bárust um embættin. Hinn 29. júní sama ár lá niðurstaða dómnefndar fyrir þar sem hún mat Guðrínu Sesselju Arnardóttur lögmann hæfasta til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara og Finn Þór Vilhjálmsson hæfastan til að vera settur héraðsdómari.

Hinn 26. maí 2023 var auglýst laus til umsóknar embætti dómara við Landsrétt og bárust tvær umsóknir. Hinn 29. júní sama ár lá niðurstaða dómnefndar fyrir þar sem hún mat umsækjendur jafnhæfa til að gegna embættinu. Ráðherra skipaði Ásgerði Ragnarsdóttur í embætti dómara við Landsrétt.

Hinn 21. júlí 2023 var setning í embætti dómara við Landsrétt auglýst laus til umsóknar og bárust fjórar umsóknir. Hinn 25. september sama ár lá niðurstaða dómnefndar fyrir þar sem hún mat Kjartan Bjarna Björgvinsson héraðsdómara hæfastan til að hljóta setningu í embætti dómara við Landsrétt.

Hinn 1. september 2023 voru auglýst laus til umsóknar tvö embætti dómara með fyrsta starfsvettvang við Héraðsdóm Reykjavíkur og bárust níu umsóknir. Hinn 8. nóvember sama ár lá niðurstaða dómnefndar fyrir þar sem hún mat Ólaf Helga Árnason lögmann hæfastan til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara og næst honum kæmu þrjár umsækjendur sem ekki væri gert upp á milli. Ráðherra skipaði Ólaf Helga Árnason lögmann og Stefaníu G. Sæmundsdóttir saksóknara í embætti héraðsdómara.

Hinn 29. september 2023 var setning í embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang við Héraðsdóm Reykjavíkur auglýst laus til umsóknar. Átta umsóknir

bárust. Hinn 21. nóvember lá niðurstaða dómnefndar fyrir þar sem hún mat þrjá umsækjendur hæfasta til að hljóta setningu í embættið. Ráðherra setti Finn Þór Vilhjálmsson í embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang við Héraðsdóm Reykjavíkur.

Á árinu 2023 var Eggert Óskarsson settur í embætti dómara við Landsrétt í um fjóra mánuði að tillögu dómnefndarinnar og Finnur Þór Vilhjálmsson settur í embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur í sex mánuði. Þá gerði nefndin einnig tillögu um setningu tveggja varadómara til meðferðar eins máls við Héraðsdóm Reykjavíkur og þriggja varadómara til meðferðar eins máls við Landsrétt. Loks gerði nefndin tillögu um setningu þriggja varadómara við Hæstarétt til að taka afstöðu til beiðni um leyfi til að áfrýja máli til Hæstaréttar og tillögu um setningu fimm varadómara til meðferðar eins Hæstaréttarmáls.






DÓMSTÓLAR Í TÖLUM

Í meðfylgjandi töflum er samantekt yfir áfrýjuð einkamál og sakamál í Hæstarétti og Landsrétti á árinu 2023 ásamt samanlögðum fjölda einkamála og sakamála í héraðsdómstólunum átta og yfirlit yfir málsmeðferðartíma á öllum dómstigum. Nánari sundurliðun á málafjölda og málategundum er að finna í umfjöllun um hvert dómstig fyrir sig.


Hæstiréttur - Innkomin mál	Fjöldi mála:
Einkamál áfrýjað	37
Einkamál kært	13
Sakamál áfrýjað	6
Sakamál kært	1
Samtals	85

Hæstiréttur árið 2023




Landsréttur - Innkomin mál	Fjöldi mála:
Einkamál áfrýjað	238
Einkamál kært	187
Sakamál áfrýjað	111
Sakamál kært	376
Samtals	912

Landsréttur árið 2023



Héraðsdómstólar - Innkomin mál	Fjöldi mála:
Munnlega flutt einkamál	725
Ákærumál	1.852
Samtals	2.577

Héraðsdómstólar árið 2023



Hæstiréttur

Fjöldi mála

Hæstiréttur hafði til afgreiðslu 76 mál árið 2023, þar af voru 19 óafgreidd í ársbyrjun og 57 mál bárust á árinu. Í árslok voru 24 mál óafgreidd.

Dæmd mál og málsmeðferðartími

Á árinu 2023 dæmdi Hæstiréttur í 51 máli, þar af voru 33 áfrýjuð einka- og sakamál og 18 kærð einka- og sakamál. Málsúrslit voru staðfest í 20 málum árið 2023, þeim breytt að einhverju leyti í sex málum, breytt að verulegu leyti í þremur málum en snúið við, ómerkt eða vísað frá í 20 málum.

Málsmeðferðartími í Hæstarétti í áfrýjuðum einkamálum, frá því að áfrýjunarstefna var gefin út fram að lyktum, var 230 dagar árið 2023 samanborið við 189 daga árið 2022.

Í áfrýjuðum sakamálum var málsmeðferðartími, frá því að útgefin áfrýjunarstefna barst réttinum frá ríkissaksóknara fram að lyktum, 199 dagar árið 2023 samanborið við 207 daga árið 2022.

Málskotsbeiðnir – áfrýjunar- eða kæruleyfi

Á árinu 2023 bárust Hæstarétti samtals 160 beiðnir um áfrýjunar- eða kæruleyfi og voru 28 beiðnir óafgreiddar frá fyrra ári. Beiðnirnar eru flokkaðar eftir því hvort beiðið var um áfrýjunarleyfi vegna einkamáls, sakamáls eða kæruleyfi. Alls voru afgreiddar 155 beiðnir á árinu og voru 33 beiðnir óafgreiddar í árslok.

HÆSTIRÉTTUR HAFÐI

76 mál

TIL AFGREIÐSLU ÁRIÐ 2023



Hæstiréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra

Öll innkomin mál og lyktir þeirra	2019	2020	2021	2022	2023
Óafgreidd mál í ársbyrjun	16	18	20	21	19
Innkomin mál á árinu	58	41	56	59	57
Mál til afgreiðslu	74	59	76	80	76
Dómar	50	38	55	60	51
Afturkallað/fellt niður	6	1	0	1	1
Samtals afgreidd mál	56	39	55	61	52
Óafgreidd mál í árslok	18	20	21	19	24

Hæstiréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – áfrýjuð einkamál

Í töflunni má sjá yfirlit yfir fjölda óafgreiddra áfrýjaðra einkamála í upphafi árs og upplýsingar um lyktir þeirra og fjölda óafgreiddra mála í árslok árin 2019–2023.

Öll innkomin mál og lyktir þeirra	2019	2020	2021	2022	2023
Óafgreidd mál í ársbyrjun	12	16	12	11	10
Innkomin mál á árinu	36	23	25	28	37
Mál til afgreiðslu	48	39	37	39	47
Dómar	28	27	27	28	25
Afturkallað/fellt niður	5	0	0	1	1
Samtals afgreidd mál	33	27	27	29	26
Óafgreidd mál í árslok	15	12	10	10	21

Hæstiréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – áfrýjuð sakamál

Öll innkomin mál og lyktir þeirra	2019	2020	2021	2022	2023
Óafgreidd mál í ársbyrjun	1	2	6	6	5
Innkomin mál á árinu	3	8	10	14	6
Mál til afgreiðslu	4	10	16	20	11
Dómar	2	4	11	15	8
Afturkallað/fellt niður	0	0	0	0	0
Samtals afgreidd mál	2	4	11	15	8
Óafgreidd mál í árslok	2	6	5	5	3

Hæstiréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – kærð einkamál

Kærð einkamál	2019	2020	2021	2022	2023
Óafgreidd mál í ársbyrjun	3	0	2	3	4
Innkomin mál á árinu	16	10	16	15	13
Mál til afgreiðslu	19	10	18	18	17
Dómar	17	7	14	14	17
Afturkallað/fellt niður	1	1	0	0	0
Samtals afgreidd mál	18	8	14	14	17
Óafgreidd mál í árslok	1	2	4	4	0

Hæstiréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – kærð sakamál

Kærð sakamál	2019	2020	2021	2022	2023
Óafgreidd mál í ársbyrjun	0	0	0	1	0
Innkomin mál á árinu	3	0	5	2	1
Mál til afgreiðslu	3	0	5	3	1
Dómar	3	0	3	3	1
Afturkallað/fellt niður	0	0	0	0	0
Samtals afgreidd mál	3	0	3	3	0
Óafgreidd mál í árslok	0	0	2	0	0

Hæstiréttur: Málsmeðferðartími (meðaltal í dögum)

Tegund mála	2019	2020	2021	2022	2023
Áfrýjuð einkamál	141	205	200	189	230
Áfrýjuð sakamál	0	173	164	207	199
Kærð einkamál	49	72	31	39	65
Kærð sakamál	11	0	12	53	15
Öll mál	98	177	137	175	166

Málsmeðferðartími einkamála telst frá því að áfrýjunarstefna er gefin út.

Málsmeðferðartími sakamála telst frá því að útgefin áfrýjunarstefna berst frá ríkissaksóknara. Það athugist að endurupptekin dómsmál reiknast ekki með í málsmeðferðartíma.

Hæstiréttur: Málsúrslit dæmdra mála

Dæmd mál	2019	2020	2021	2022	2023
Staðfest	30	20	22	19	20
Breytt að einhverju leyti		5	7	9	6
Breytt að verulegu leyti	2	2	2	4	3
Snúið við	5	5	8	8	9
Ómerking/frávísun	13	6	14	20	11
Samtals dómar	50	38	*53	60	**51

*Heildarfjöldi dæmdra mála árið 2023 var 51.

**Dæmt var um málskostnað í tveimur málum

Landsréttur

Fjöldi mála

Á árinu 2023 bárust Landsrétti 912 ný mál. Af þeim voru 238 áfrýjuð einkamál og 111 áfrýjuð sakamál. Þetta er talsverð fjölgun milli ára en til samanburðar bárust Landsrétti 840 ný mál árið 2022.

Dæmd mál og málsmeðferðartími

Á árinu 2023 voru leidd til lykta 928 mál, þar af lauk 838 málum með dómi eða úrskurði en 90 mál voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest í 554 málum, breytt að einhverju leyti í 102 málum og breytt verulega eða snúið við í 127 málum.

Meðalmálsmeðferðartími í Landsrétti í áfrýjuðum einkamálum, frá útgáfu áfrýjunarstefnu fram að lyktum, var 375 dagar árið 2023.

Meðalmálsmeðferðartími í áfrýjuðum sakamálum, frá þingfestingu máls fram að lyktum, var 158 dagar árið 2023. Talsverður tími getur liðið frá því að ákærvaldið gefur út áfrýjunarstefnu og tilkynnir Landsrétti um áfrýjun þar til málsöggn eru tilbúin og lögð fram í réttinum en við það síðara tímamark miðast þingfesting. Gerð málsgagna er á ábyrgð ákærvaldsins en viðkomandi héraðsdómi ber að afhenda ákærvaldinu dómsgerðir. Til dómsgerða teljast endurrit og hljóðupptökur af munnlegum framburði fyrir héraðsdómi. Tíminn frá skráningu fram að þingfestingu var að meðaltali 168 dagar árið 2023.

Áfrýjuð mál

Málum er unnt að skjóta til Landsréttar með áfrýjun eða kæru. Málsmeðferð í áfrýjuðum málum er munnleg þar sem við aðalmeðferð mála er unnt að leiða aðila og vitni til skýrslugjafar.

Landsréttur afgreiddi 360 áfrýjuð mál á árinu 2023, 247 einkamál og 113 sakamál, þar af voru kveðnir upp dómar eða úrskurðir í 293 málum en 67 mál voru felld niður. Á árinu kvað Landsréttur upp dóma eða úrskurði í 193 einkamálum en 54 mál voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest í 108 málum, breytt að einhverju

LANDSRÉTTI BÁRUST

912 ný mál

ÁRIÐ 2023

leyti í 29 málum, breytt verulega eða snúið við í 36 málum en 20 mál voru ómerkt eða vísað frá dómi.

Landsréttur kvað upp dóma eða úrskurði í 100 áfrýjuðum sakamálum en 13 mál voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest í 33 málum, breytt að einhverju leyti í 32 málum, breytt verulega eða snúið við í 29 málum en sex mál voru ómerkt eða vísað frá dómi.

Kærð mál

Einkamál sem hægt er að skjóta til Landsréttar með kæru eru annars vegar ágreiningur sem lýtur að réttarfarsatriðum og hins vegar mál sem löggjafinn hefur metið svo að þyrftu skjótrar úrlausnar við. Almennt fer ekki fram aðalmeðferð í slíkum málum.

Landsréttur afgreiddi 568 kærð mál á árinu 2023, 197 einkamál og 371 sakamál, þar af voru kveðnir upp úrskurðir í 545 málum en 23 voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest eða breytt að einhverju leyti í 454 málum en var breytt verulega eða snúið við í 62 málum. 29 mál voru ómerkt eða vísað frá dómi.

Landsréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra

Öll innkomin mál og lyktir þeirra	2019	2020	2021	2022	2023
Óafgreidd mál í ársbyrjun	283	373	353	380	366
Innkomin mál á árinu	889	754	805	840	912
Mál til afgreiðslu	1172	1127	1158	1220	1278
Dómar og úrskurðir	705	702	705	762	838
Afturkallað/fellt niður	94	72	73	92	90
Samtals afgreidd mál	799	774	778	854	928
Óafgreidd mál í árslok	373	353	380	366	350

Landsréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – áfrýjuð einkamál

Áfrýjuð einkamál	2019	2020	2021	2022	2023
Óafgreidd mál í ársbyrjun	184	200	225	264	250
Innkomin mál á árinu	289	228	273	268	238
Mál til afgreiðslu	473	428	498	532	488
Dómar og úrskurðir	217	170	181	220	193
Afturkallað/fellt niður	56	33	53	62	54
Samtals afgreidd mál	273	203	234	282	247
Óafgreidd mál í árslok	200	225	264	250	241

Landsréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – áfrýjuð sakamál

Áfrýjuð sakamál	2019	2020	2021	2022	2023
Óafgreidd mál í ársbyrjun	88	143	106	91	96
Innkomin mál á árinu	147	80	120	106	111
Mál til afgreiðslu	235	223	226	197	207
Dómar og úrskurðir	81	103	126	96	100
Afturkallað/fellt niður	11	14	9	5	13
Samtals afgreidd mál	92	117	135	101	113
Óafgreidd mál í árslok	143	106	91	96	94

Landsréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – kærð einkamál

Kærð einkamál	2019	2020	2021	2022	2023
Óafgreidd mál í ársbyrjun	11	21	20	22	19
Innkomin mál á árinu	198	219	188	205	187
Mál til afgreiðslu	209	240	208	227	187
Fjöldi úrskurða	170	203	181	193	206
Afturkallað/fellt niður	18	17	5	15	12
Samtals afgreidd mál	188	220	186	208	197
Óafgreidd mál í árslok	21	20	22	19	9

Landsréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – kærð sakamál

Kærð sakamál	2019	2020	2021	2022	2023
Óafgreidd mál í ársbyrjun	0	8	2	3	1
Innkomin mál á árinu	254	228	224	261	376
Mál til afgreiðslu	254	236	226	264	377
Fjöldi úrskurða	237	226	217	253	360
Afturkallað/fellt niður	9	8	6	10	11
Samtals afgreidd mál	246	234	223	263	371
Óafgreidd mál í árslok	8	2	3	1	6

Landsréttur: Málsmeðferðartími (meðaltal í dögum)

Tegund mála	2019	2020	2021	2022	2023
Áfrýjuð einkamál	227	326	352	345	375
Áfrýjuð sakamál	198	243	253	191	158
Kærð einkamál	35	37	33	33	32
Kærð sakamál	3	7	3	4	3

– Málsmeðferðartími áfrýjaðra einkamála telst frá því að áfrýjunarstefna er gefin út að lyktum.

– Málsmeðferðartími áfrýjaðra sakamála telst frá þingfestingu máls að lyktum.

Meðaldagafjöldi áfrýjaðra sakamála frá skráningu máls að þingfestingu.

	2019	2020	2021	2022	2023
	154	194	130	159	168

Landsréttur: Málsúrslit innkominna mála

Áfrýjuð mál	Einkamál		Sakamál	
	2022	2023	2022	2023
Staðfest	120	108	29	33
Breytt að einhverju leyti	30	29	41	32
Breytt verulega eða snúið við	54	36	21	29
Ómerking eða frávísun	16	20	5	6
Niðurfelld mál	62	54	5	13
Samtals áfrýjuð mál	282	247	101	113

Kærð mál	Einkamál		Sakamál	
	2022	2023	2022	2023
Staðfest	128	126	166	287
Breytt að einhverju leyti	12	11	45	30
Breytt verulega eða snúið við	26	27	31	35
Ómerking eða frávísun	27	21	11	8
Niðurfelld mál	15	12	10	11
Samtals kærð mál	208	197	263	371

Héraðsdómstólarnir

Fjöldi dómsmála og meðferð þeirra hjá héraðsdómstólunum

Þegar þróun fjölda dómsmála og meðferðar þeirra hjá héraðsdómstólunum er skoðuð er fyrst og fremst horft til munnlega fluttra einkamála og sakamála enda vega þau þyngst hjá héraðsdómstólunum.

Fjöldi mála


Alls bárust 13.618 mál til héraðsdómstólanna árið 2023 samanborið við 10.530 árið 2022. Það er nokkur fjölgun frá síðustu tveimur árum á undan, en undir meðaltali síðustu þriggja ára þar áður.

HÉRAÐSDÓMSTÓLUM BÁRUST


13.618 mál

ÁRIÐ 2023

Heildarfjöldi dómsmála hjá héraðsdómstólunum



Fjöldi munnlega fluttra einkamála, afgreidd, óafgreidd og meðalmálsmeðferðartími frá þingfestingardegi 2014–2023




Einkamál


Einkamál eru annars vegar munnlega flutt og hins vegar flutt skriflega. Þegar einkamáli er stefnt fyrir héraðsdómstól og það tekið til varnar er því úthlutað dómara til meðferðar. Ef ekki takast sættir eða mál er fellt niður af öðrum ástæðum fer það til munnlegs málflyttings fyrir dómstólum. Ef ekki er tekið til varnar í einkamáli lýkur því með áritun eða útvistardómi og telst það því skriflega flutt.

Alls komu 725 einkamál til munnlegs málflyttings á árinu 2023 en 738 einkamálum var lokið. Óafgreidd einkamál í árslok voru 624. Málsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála, frá þingfestingu máls fram að lyktum þess, var að meðaltali 365 dagar á árinu 2023 en til samanburðar var málsmeðferðartími að meðaltali 394 dagar árið 2022.

Skriflega flutt einkamál 2014–2023



Innkomin ákærumál, afgreidd, óafgreidd og meðalmálsmeðferðartími 2014–2023



Ákærumál

Alls komu 1.852 ákærumál til meðferðar héraðsdómstólanna árið 2023. Í heildina var 1.707 lokið á árinu og 654 málum ólokið um áramót. Málsmeðferðartími ákærumála, frá þingfestingu máls fram að lyktum þess, var að meðaltali 107 dagar á árinu 2023 en til samanburðar var málsmeðferðartími að meðaltali 124 dagar á árinu 2022.


Gjaldprotamál

Árið 2023 bárust héraðsdómstólunum 3.076 beiðnir um gjaldprotaskipti samanborið við 1.500 árið 2022.

Uppkveðnir gjaldprotáurskurðir einstaklinga voru 124 árið 2023 en 157 árið 2022 (201 árið 2021).


Uppkveðnir gjaldprotáurskurðir lögaðila voru 1.354 árið 2023 en 383 árið 2022 (954 árið 2021).

Fjöldi gjaldprotaskiptabeiðna sem bárust héraðsdómstólunum 2014–2023



*Þá miklu fjölgun sem varð á beiðnum árið 2023 má rekja til sérstakrar skipta/slitameðferðar sem mælt er fyrir um í bráðabirgðaákvæðum í lögum um skráningu raunverulegra eigna nr. 82/2019, eins og þeim var breytt með lögum nr. 139/2022.

Fjöldi uppkveðinna gjaldprotaskiptaúrskurða hjá héraðsdómstólunum eftir lögaðilum og einstaklingum 2014-2023




Rannsóknarúrskurðir

Á meðfylgjandi súluriti sést þróun fjölda uppkveðinna rannsóknarúrskurða hjá héraðsdómstólunum á tímabilinu 2014–2023. Rannsóknarúrskurðir eru af ýmsu tagi, t.d. úrskurðir um húsleit, símhlerun, farbann, gæsluvarðhald o.fl. Tvær tegundir rannsóknarúrskurða eru tiltekna sérstaklega í töflunni, þ.e. úrskurðir um húsleit og gæsluvarðhald.

Árið 2023 var kveðinn upp samtals 2.093 rannsóknarúrskurður hjá héraðsdómstólunum. Þar af voru 164 húsleitarúrskurðir og 766 gæsluvarðhaldsúrskurðir og af þeim voru 483 úrskurðir um framlengingu gæsluvarðhalds.

Rannsóknarúrskurðir 2014–2023



Endurupptökudómur


Á árinu 2023 lauk Endurupptökudómur 30 málum. Í mála-skrá Endurupptökudóms voru skráð 15 mál á árinu 2023, þar af 13 beiðnir vegna einkamála og tvær vegna sakamála.

ENDURUPPTÖKUDÓMUR LAUK

30 málum


ÁRIÐ 2023

Beiðnir um endurupptöku:



Beiðnir um endurupptöku		
	2022	2023
Hæstiréttur	16	3
Landsréttur	13	6
Héraðsdómstólar	3	6

Málum lokið árið 2023



Málum lokið		
	2022	2023
Beiðni hafnað	12	18
Beiðni samþykkt	15	10
Beiðni vísað frá	1	2
Beiðni afturkölluð	1	0

FJÁRHEIMILDIR Á MÁLEFNASVIÐI DÓMSTÓLA 2023

Stofnun	Heildarfjárheimild
Hæstiréttur	502 m.kr.
Héraðsdómstólar	2.114,2 m.kr.
Landsréttur	827,3 m.kr.
Dómstólasýslan	395,6 m.kr.

Dómstólasýslan
Suðurlandsbraut 14
108 Reykjavík
Sími 432-5010
domstolasyslan@domstolasyslan.is
Framkvæmdastjóri: Kristín Haraldsdóttir

Hæstiréttur Íslands
Dómhúsinu við Arnarhól
101 Reykjavík
Sími 510-3030
haestirettur@haestirettur.is
Forseti Hæstaréttar: Benedikt Bogason

Landsréttur
Vesturvör 2
200 Kópavogur
Sími 432-5300
landsrettur@landsrettur.is
Forseti Landsréttar: Hervör Þorvaldsdóttir

Héraðsdómur Reykjavíkur
Dómhúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík
Sími 432-5200
heradsdomur.reykjavikur@domstolar.is
Dómstjóri: Ingibjörg Þorsteinsdóttir

Héraðsdómur Vesturlands
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes
Sími 432-5030
heradsdomur.vesturlands@domstolar.is
Dómstjóri: Lárentínus Kristjánsson

Héraðsdómur Vestfjarða
Hafnarstræti 9
400 Ísafjörður
Sími 432-5040
heradsdomur.vestfjarda@domstolar.is
Dómstjóri: Halldór Björnsson

Héraðsdómur Norðurlands vestra
Skagfirðingabraut 21
550 Sauðárkrúkur
Sími 455-6444
heradsdomur.nordurlands.vestra@domstolar.is
Dómstjóri: Halldór Halldórsson

Héraðsdómur Norðurlands eystra
Hafnarstræti 107
600 Akureyri
Sími 432-5060
heradsdomur.nordurlands.eystra@domstolar.is
Dómstjóri: Arnbjörg Sigurðardóttir

Héraðsdómur Austurlands
Lyngási 15
700 Egilsstaðir
Sími 432-5070
heradsdomur.austurlands@domstolar.is
Dómstjóri: Ólafur Ólafsson

Héraðsdómur Suðurlands
Austurvegi 4
800 Selfoss
Sími 432-5080
heradsdomur.sudurlands@domstolar.is
Dómstjóri: Sigurður Gísli Gíslason

Héraðsdómur Reykjaness
Fjarðargötu 9
220 Hafnarfirði
Sími 432- 5100
heradsdomur.reykjaness@domstolar.is
Dómstjóri: Jónas Jóhannsson



DÓMSTÓLASÝSLAN